

Samningur milli Ísafjarðarbæjar og Knattspyrnudeildar Vestra, meistaraflokkur

um umsjá knattspyrnuvalla og vallarhúss á Torfnesi, Ísafjarðarbæ.

1.gr. Samningsaðilar

Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, og Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, kt. 470102-5270 gera með sér svofelldan samning fyrir árið 2021 um umsjá og umhirðu á knattspyrnuvöllum á Torfnesi ásamt 1.hæð í vallarhúsi, bæði í eigu Ísafjarðarbæjar.

2.gr. Skyldur Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær skal leggja til endurgjaldslaust afnot af knattspyrnuvöllum á Torfnesi, grasvelli og gervigrasvelli, og 1.hæð í vallarhúsi á samningstíma árið 2021. Samningstíminn er 15. apríl – 15. október 2021. Ísafjarðarbær leggur til 1 stöðugildi á samningstíma sem miðast við launaflokk 121 samkvæmt kjarasamningum Samflots við sveitarfélögin árið 2020, eða alls kr.2.824.986 á samningstímanum.

Ísafjarðarbær afhendir samningsaðila svæðið í því ástandi sem það er við afhendingu.

Fyrsti mokstur á grasvelli í á vormánuðum greiðir Ísafjarðarbær og skal beiðni um hann berast til sviðsstjóra skóla- og tómsundasviðs.

Ísafjarðarbær greiðir fyrir að láta sanda grasvöllinn tvisvar sinnum yfir sumartímann.

Ísafjarðarbær skal sjá til þess að sláttuvél sé tiltæk Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokki, þó að hámarki 150 daga á samningstímanum, án endurgjalds. Sé þörf fyrir fjölgun daga skal haft samband við sviðsstjóra skóla- og tómsundasviðs.

Ísafjarðarbær leggur til áburð á grasvöllinn, í því magni sem sviðsstjóri telur ásættanlegt, auk þess sem Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokki, eru veittar hreinlætisvörur að hámarki kr. 100.000 á samningstímanum. Óska skal eftir hreinlætisvörum hjá forstöðumanni íþróttamannvirkja í gegnum tölvupóst.

3.gr. Skyldur knattspyrnudeildar Vestra, meistaraflokks

Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, skal hafa umsjón með knattspyrnuvöllum á Torfnesi og 1. hæð í vallarhúsinu á samningstíma og tryggja að þau séu snyrtileg. Sjá um nauðsynlegt viðhald á grasvellinum s.s. reglulegan slátt, vökvun og áburðagjöf.

Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, skal skila sláttuvél í sama ástandi og hún tók við henni. Það þýðir að öll umhirða og viðhald við hana skuli vera góð og sinnt af Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokk. Ber Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, alla bótaábyrgð á spjöllum við sláttuvél, að svo miklu leyti sem slíkt telst ekki eðlileg afleiðing venjulegrar eða umsáminnar notkunar hennar eða stafar af atvikum sem voru Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokk, óviðkomandi.

Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, skal sjá um alla vinnu í kringum kappleiki sína.

Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, skal taka tillit til annarra íþróttafélaga innan HSV við niðurröðun leikja og æfinga svo þau fái einnig afnot af grasvellingum.

Allar breytingar eða annað meiriháttar viðhald á völlum og Vallarhúsi skal samþykkt hjá Eignasjóði Ísafjarðarbæjar áður en til framkvæmda kemur.

Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, skal afhenda eignir Ísafjarðarbæjar í því ástandi sem þær voru í upphafi samningstíma. Gæta skal hófs við notkunar grasvallarins og takmarka notkun ef völlum er í slæmu ásigkomulagi.

4.gr. Samskipti

Allar breytingar og viðaukar sem gerðir eru við þennan samning skulu vera skriflegar og undirritaðar af báðum samningsaðilum.

Allar orðsendingar, tilkynningar og kvartanir, vegna samnings þessa skulu vera skriflegar og sendar með sannanlegum hætti.

Ábyrgðaraðili Knattspyrnudeildar Vestra, meistaraflokks, gagnvart samningi þessum er Svavar Þór Guðmundsson, stjórnarformaður.

Tengiliður Knattspyrnudeildar Vestra, meistaraflokks, við Ísafjarðarbæ er framkvæmdastjóri HSV og skulu öll samskipti fara í gegnum hann.

5.gr. Vanefndir

Vanefni Knattspyrnudeild Vestra, meistaraflokkur, skyldur sínar verulega samkvæmt samningi þessum skal samningurinn falla úr gildi án uppsagnarfrests.

6.gr. Önnur ákvæði

Uppsögn samnings skal vera skrifleg og send með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur af hálfu beggja aðila er þrjú mánuðir.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum, eitt handa hvorum samningsaðila.

Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir í Héraðsdómi Vestfjarða.

Ísafirði,

2021

F.h. Ísafjarðarbæjar

F.h. Knattspyrnudeildar Vestra, meistaraflokks

Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri

Svavar Þór Guðmundsson, stjórnarformaður

